



Kæru félagar í Þjóðbúningafélagi Íslands

Þann 27. febrúar 2021 var haldinn stofnfundur félagsins, sem upphaflega hét Hollvinafélag Annríkis. Í dag heitir félagið Þjóðbúningafélag Íslands.

Félagið sérhæfir sig í íslenskum þjóðbúningum og skarti. Markmið félagsins er að stuðla að skipulagningu viðburða þar sem nýting þjóðbúninga á sér stað, t.d. með því að: Standa að fræðsluerindum og styðja við námskeiðahald því tengdu. Koma á samstarfi við innlenda og erlenda aðila sem standa að varðveislu þessa merka menningararfs.

Fullgildir félagsmenn eru þeir sem skráðir eru félagsmenn og greiða félagsgjald. Nú er í fyrsta skipti innheimt félagsgjald fyrir félagsárið 2023-2024, þótt samþykkt hafi verið frá upphafi að innheimta félagsgjald. Félagsgjald er innheimt í heimabanka félagsmanna sem eru 75 talsins.

Aðalfundur félagsins er haldinn 1. júní í Hafnarfirði ár hvert og er sá dagur líka viðburðardagur. Kosnir eru fimm einstaklingar í stjórn ár hvert.

Í ár stóð Annríki fyrir ferð á slóðir Vestur-Íslendinga í USA og Kanada. Þjóðbúningafélagið er búið að stofna ferða- og viðburðanefnd, og verður farið í ár á Ólafsvöku í Færeyjum. Ásamt fleiri viðburðum eins og 17. júní, 1. desember, þjóðbúningamessur, sýningar o.fl.

Hægt er að skrá sig í félagið á vefsíðu félagsins [thjodbuningur.is](http://thjodbuningur.is). Jafnframt koma til með að liggja frammi skráningarlistar í Annríki - þjóðbúningar og skart í Hafnarfirði.

Desember 2023

Kærleiks- og jólakveðjur frá  
stjórn Þjóðbúningafélags Íslands